

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2016

Starfsemi félagsins gekk nokkuð vel á árinu 2016. Ferðir og fundir voru með líku sniði og undanfarin ár og 65. hefti Jökuls kom út í árbyrjun. Fjárhagur var með þokkalegasta móti, en rekstur bæði bíls og húsa gekk vel og fjáruútlát á því sviði minni en oft áður.

Á aðalfundi þann 23. febrúar var Tómas Jóhannesson fundarstjóri og Finnur Pálsson fundarritari. Að loknum aðalfundi skipti stjórn með sér verkum í samræmi við lög félagsins.

Stjórn JÖRFÍ 2016

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi.

Varastjórn:

Hálfván Ágústsson, Vilhjálmur S. Kjartansson, og Þóra Karlsdóttir og Ragnar Þór Jörgensen.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanevnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálfván Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd: Ragnar Þór Jörgensen formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmars-son, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Krist- vinsson.

Ferðanevnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórnar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Detrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd: Garðar Briem formaður, Árni Páll Árnason, Herdís Schopka, Ísleifur Friðriksson.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Fulltrúi í SAMÚT: Björn Oddsson, Árni Páll Árnason til vara.

GJÖRFÍ-nefnd: Þóra Karlsdóttir formaður, Ástvaldur Guðmundsson og Jósef Hólmjárn.

Félagatal: Hálfván Ágústsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Geymsla í Mörk: Alexander Ingimarsson.

Erlend áskrift: Bóksala stúdenta.

FÉLAGATAL

Félagatalan hefur haldist svipuð og undanfarin ár. Heiðursfélagar eru 17, almennir félagar 491, fjölskyldufélagar 21 og námsfólk 61. Fyrirtæki og stofnanir eru 39. Samtals eru þetta 629 félagar og aðilar. Erlendir áskrifendur Jökuls eru um 50.

RANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár snérist rannsóknir félagsins um vorferð á Vatnajökul, mælingar á afkomu Mýrdalsjökli og sporðamælingar.

1. *Afkomumælingar á Mýrdalsjökli.* Mælt var í maí og tekna þrjár afkomuholur uppi í öskjunni og þrjár á

Sléttjökli norðan hennar. Jafnframt var sett upp veðurstöð á söðlinum milli Sólheima- og Kötlujökla. Stöðin var sótt í september og vitjað um stikur í öskjunninni en þær voru þá fallnar og fundust ekki. Óhagstæð tíð varð til þess að ekki tókst að fara á Sléttjökul að lesa af vírunum sem þar voru.

2. *Vorferð* 3.–11. júní. Ferðin var farin um Jökulheima og Tungnaárjökul eins og oftast áður. Unnið var að margvíslegum verkefnum, m.a. ýmsar mælingar á Bárðarbungu, í Grímsvötnum, GPS mælingar á jökulskerjum, íssjármælingar í Skaftárkötlum og víðar, boranir eftir gjóskulagi Grímsvatna frá 2011 á Skeiðarárjökli til að kanna breytingar, mæld var snjódýpt með radar o.fl. Ferðin heppnast vel. Fjórir framhaldsnemar og einn listamaður tóku þátt í ferðinni og var kostnaður vegna þeirra greiddur af styrk frá Vinum Vatnajökuls.

3. *Sporðamælingar*. Í byrjun febrúar höfðu Bergi Einarssyni, umsjónarmanni sporðamælinga borist skýrslur um mælingar á 32 stöðum. Er það svipað umfang og áður. Jöklar hopa hratt víðast hvar. Sá ágæti gagnvirki vefur <http://spordakost.jorfi.is/> geymir allar sporðamælingar félagsins og forvera þess, allt frá upphafi. Unnið var í vefnum á árinu, hann endurbættur og fleiri myndir settar inn. Vaskur hópur jöklafélks vinnur að þessu verki.

FUNDIR

Auk venjulegra aðalfundarstarfa sýndi Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður mynd sína Blómagarður jökulsins á aðalfundinum 23. febrúar. Á vofundi 26. Apríl flutti Eyjólfur Magnússon erindi um hlaupið úr Hamarskatlinum í júlí 2011. Að loknu kaffihléi sýndi Anna Línadal myndir úr ferðum sínum með JÖRFÍ. Haustfundur var 25. október. Þar fjallaði Ívar Örn Benediktsson um rannsóknir sínar og samstarfsfélks við Múlajökul. Á eftir sýndi Gunnlaugur Þór Pálsson kvikmynd sína Jöklaland. Allir þessir fundir fóru fram í aðal fundarsalnum í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Fundirnir voru ágætlega sóttir, og var aðsókn svipuð að öllum, um 50 manns. Fjórði fundurinn var haldinn í fundarsal Jarðvísindastofnunar þann 19. nóvember, sama dag og árhátíðin. Þar var haldin tveggja tíma dagskrá um niðurstöður sporðamælinga og aðferðir við mælingar. Var

sporðamælingafólki um allt land sérstaklega boðið á fundinn. Mæting fór fram úr björtustu vonum en um á fundinum voru 48 manns, Þar fluttu Skafti Brynjólfsson, Snævarr Guðmundsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Bergur Einarsson erindi. Í lokin voru umræður um nýjungar í mælingum.

HEIÐURSFÉLAGI

Á aðalfundi var Haukur Hallgrímsson kjörinn heiðursfélagi JÖRFÍ en hann er einn tveggja eftirlifandi stofnfélaga og hefur tekið þátt í starfinu æ síðan.

ÚTGÁFA JÖKULS

Eins og oft áður kom Jökull 65 út í febrúar. Hann var 120 síður að stærð með sex ritryndum fræðigreinum auk um 30 blaðsíðna af félagsefni ýmiskonar. Dreifing Jökuls erlendis er nú í höndum Bóksölu stúdenta. Bryndís, aðalritstjóri hefur eins og undanfarin mörg ár haft örugga forystu um ritið og útgáfuna.

FRÉTTABRÉF OG VEFSÍÐA

Hálf dán sá um fréttabréfið. Þá hélt hann einnig utan um heimasíðu félagsins með aðstoð Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur.

SKEMMTIFERÐIR

Auk allmargar GJÖRFÍ gönguferðir voru farnar á skemmtilega staði í grennd við Reykjavík á þriðjudagskvöldum. Árleg sumarferð var í þetta sinn farin helgina 12.–14. ágúst í Núpstaðarskóga. Um 30 manns tók þátt, en farið var á einkabílum. Tjöldum var slegið á föstudagskvöldi og síðan gengið í skýjuðu en hægu veðri á Súlutinda á laugardeginum. Á baka leið í tjaldstað tók að rigna. Tekið var upp í blautu á sunnudagsmorgun og farin til baka leið milli Núpsár og Súlu, en hún hefur nú breytt farvegi sínum og fellur til Gígjukvíslar. Má reikna með að sú breyting sé varanleg. Tengist hún enda hopun Skeiðarárjökuls.

SKÁLAMÁL

Miðað við mörg undanfarin ár var síðastliðið ár fremur rólegt. Í Jökulheimum var gert við kyndingu í gamla skálanum og um haustið þurfti að laga olíuleka og smit í andyri hússins. Húsin í Jökulheimum eru nú í mjög þokkalegu standi eftir endurbætur síðustu ára. Á Grímsfjalli var helst unnið í rafstöðvarmálum, en

erfiðleikar með kælikerfi fyrir hina nýju vél sem samvinna er um við Neyðarlínuna settu lit á starfið. Ekki tókst að ljúka uppsetningu nýs kælikerfis, en stefnt er á að það verði gert næsta vor. Er það allra von að þar með verði byrjunarörðugleikum vegna þessarar rafstöðvar lokið. Eins og áður bar skálanefnd ábyrgð á skálaumsjón og viðhaldi.

BÍLAMÁL

Farnar voru fjórar ferðir í Jökulheima, þrjár vinnuferðir og ein eldsneytisferð. Þá fór bíllinn dagsferð á Mýrdalsjökul í maí og síðan að sjálfsögðu í vorferð á Vatnajökul í júní. Í þeirri ferð brotnuðu báðir framöxl- ar þegar bíllinn fór í sprungu á Skeiðarárjökli. Eftir viðgerð er bíllinn í ágætu standi. Eins og oft áður háir það starfi bílanefndar að hafa ekki húsnæði fyrir bíl- inn. Því hefur þurft að sinna viðhaldi utandyra, við hús formanns bílanefndar í Vogum.

SAMSTARF VIÐ LANDSVIRKJUN

Forsenda öflugra vorferða er að félagið geti hér eftir sem hingað til notað öflugan snjóbíl sem flutt getur eldsneyti, tæki og annan farangur. Landsvirkjun hefur verið félaginu haukur í horni og styrkt okkur með fjárframlagi, enda nýtist sú aðstaða sem félagið skapast fyrirtækinu eins og öðrum aðilum sem hafa hag af öflugum jöklarannsóknum. Þriggja ára samingur milli félagsins og Landsvirkjunar rann út í árslok 2016. Unnið er að samningi til næstu þriggja ára.

ÁRSHÁTÍÐ

Hátíðin var haldin 19. nóvember, sama dag og sporðamælinga fundurinn. Hún hófst á fordrykk í boði Ellingsen út á Granda. Þaðan var að venju haldið út í óvissuna og í þetta sinn endað í Mosfellsbæ. Árshátíð var í þetta sinn nokkuð vel sótt, en um 60 manns mættu og skemmtu sér hið besta.

VINIR VATNAJÖKULS

Styrkur fékkst frá vinum Vatnajökuls til þátttöku fjög- urra framhaldsnema í jöklafræði og jarðvísindum í vorferðinni. Þessi styrkur nýttist mjög vel og þótti þessi nýjung lofa góðu. Nemarnir voru frá þremur há- skólum í þremur löndum. Einnig tók þátt á sömu for- sendum Katerina Mistal, sænsk myndlistarkona sem vinnur með myndbönd og annað efni og safnar efni- viði í ferðum á jökla. Því miður hlaut framhalds- styrkur vegna samskonar stuðnings 2017 ekki náð fyr- ir augum úthlutunarnefndarinnar. Stjórnin mun leita leiða til að taka upp þennan þráð, enda nýtist hann bæði bæði nemunum og rannsóknum í ferðinni.

LOKAORÐ

Ferðamenska er nú mjög vaxandi hér á landi. Með- al ferðalanga sem sækja landið heim er fólk sem vill ganga á jökla og ferðast um víðáttur Vatnajökuls. Í þessu felast bæði ógnir og tækifæri fyrir félagið. Það er jákvætt að fleiri leggi leið sína inn á víðáttur Vatna- jökuls og kynnist undraheim hans. Húsin eru vel til þess fallin að taka við litlum hópum og ef vel er hald- ið á málum getur aukin notkun hjálpað til við rekstur og viðhald jöklahúsanna. Að sama skapi kallar auk- ing á betri úrlausnir í hreinlætis- og salernismálum, t.d. í Esjufjöllum þar sem enn er enginn kamar. Stjórn JÖRFÍ gerir sér grein fyrir að fylgjast þarf með á þessu sviði og leita leiða til að fylgja tíðarandanum. Félagið er eini aðilinn sem á hús á Vatnajökli. Segja má að því fylgi ákveðin ábyrgð. Við munum leitast við að axla þá ábyrgð en jafnframt leita stuðnings við nauð- synlegar endurbætur hjá Vatnajökulspjóðgarði og eftir atvikum öðrum opinberum aðilum.

*Flutt á aðalfundi 28. febrúar, 2017,
Magnús Tumi Guðmundsson*



Útsýni til Eyjafjallajökuls og Vestmannaeyja í vorafkomumæliferð JÖRFÍ í maí 2017. – View from Mýrdals- jökull towards Eyjafjallajökull and Vestmannaeyjar. Ljósmynd/Photo. Finnur Pálsson.